

leiknir@leiknir.com



**Bréf til ÍBR og ÍTR**  
**Varðandi íþróttahúsið í Austurbergi**

Íþróttafélagið Leiknir vill með bréfi þessu benda á mikilvægi þess að félagið fái íþróttahúsið í Austurbergi úthlutað til sín svo að hægt sé að bæta þjónustu við íbúa í Efra-Breiðholti.

Það er löngu orðin alkunna og tölur sýna að of hátt hlutfall barna í Fella- og Hólabrekkuskóla eru óvirk í frístundastarfi í samanburði við önnur svæði í Reykjavík. Tölur sýna einnig að börn í Efra Breiðholti fara ekki mikið í önnur hverfi til að stunda aðrar íþróttgreinar.

Ýmislegt hefur verið reynt til þess að virkja ungmenni á þessu svæði en lítið gengið.

Í ljósi þess árangurs sem náðst hefur í knattspyrnu hjá félaginu telur Leiknir að réttast sé færa út kvíarnar og axla sína samfélagslegu ábyrgð og bjóða upp á fleiri íþróttgreinar innan félagsins. Við teljum nauðsynlegt að ungmenni í Efra-Breiðholti geti valið úr nokkrum íþróttgreinum og stundað þær í sínu nærumhverfi. Það sé einnig vænlegra til þess að leiða til stöðugrar þátttöku heldur en að bornin þurfi að ferðast langar vegalengdir til að stunda íþróttir. Þess má geta að Breiðholtið var upphaflega skipulagt með það í huga að hægt væri að sækja alla þjónustu í næsta nágrenni.

Frá árinu 2018 hefur stjórn Leiknis haft á stefnuskrá sinni að gera félagið að fjölgreinafélagi til að höfða til fleiri barna í Efra-Breiðholti og hefur þess vegna stofnað tvær nýjar deildir, blak og badminton, ásamt því að endurvekja Körfuknattleiksdeild sína en körfuknattleikur hefur verið starfræktur af og til á síðustu 25 árin í félaginu. Byrjað var að bjóða upp á blak haustið 2020 og nú er vilji fyrir því að bjóða upp á badminton þ.e.a.s. ef aðstaða fæst til þess.

Til þess að hámarka árangur í þessu verkefni hefur Leiknir nú gengið til liðs við Íþróttafélagið Aþenu. Aþena býr yfir mikilli þekkingu í þjálfun ungmenna og uppbyggingu íþróttafélaga og mannaúð, ásamt því að hafa náð merkilegum árangri í að valdefla börn og unglinga sem eru á jaðri samfélagsins. Þetta endurspeglast í því að innan Aþenu starfar fólk sem hefur unnið við ráðgjöf við uppbyggingu og innra starf íþróttafélaga út um allan heim síðustu tvo áratugi. Aþena hefur auk þess lagt sérstaka áherslu á það í starfi sínu að efla stelpur og Íslendinga af erlendum uppruna. Þess ber að geta að stelpur koma mun verr út þegar lítið er til íþróttþátttöku barna í hverfinu.

Formleg umsókn Leiknis að fá umráð yfir Íþf. Austurbergi var send út 1. desember 2021, einnig sem þetta hafði verið nefnt áður við ÍBR. Síðan þá hefur Leiknir ítrekað óskað eftir svari við þessari fyrirspurn en svar hefur ekki fengist. Þegar jafn mikið er í húfi er ótækt að draga á langinn afgreiðslu á jafn einföldu atriði. Það kemur okkur einnig á óvart að fundir séu haldnir um þetta mál án þess að fulltrúar starfandi íþróttafélags á svæðinu séu með í ráðum. Því skorum við á ÍBR og ÍTR að svara þessari fyrirspurn sem allra fyrst. Undirbúningur á þessu verkefni er unnin af fullum krafti hjá félögunum tveimur í vetur. Næstu skref í þeim undirbúning þola enga bið ef vel á vera staðið að byrjun starfsins á hausti komandi.

Hér er mannlegt verkefni sem nær langt yfir félagapólitík, hér þarf að setja íbúana í fyrsta sæti

Að þessu sögðu þá ætti það að vera öllum ljóst að íþróttahúsið í Austurbergi er best komið í höndum þeirra sem tilbúnir eru til að hlusta á íbúana og þjónusta þá. Það er með heiður 50 ára sögu félagsins í huga og að veði sem við skorum á ÍBR og ÍTR að gefa Leikni tækifæri til þess að láta verkin tala og koma með sterkasta útspil hingað til í málefnum tengdum íþróttaiðkun ungmenna í Efra-Breiðholti.

Reykjavík, 4 febrúar, 2022

Bestu kveðjur,  
Stefán Páll Magnússon  
Leiknir Reykjavík, framkvæmdastjóri

Leiknir Reykjavík

Austurbergi 1, 111 Reykjavík, Iceland

+354 557 8050